



# Helstu atriði um nýjan kjarasamning SGS og Landsvirkjunar

- Samningurinn gildir um kaup og kjör starfsfólks sem starfar við rekstur, viðhald og aðra þjónustu í dreifikerfum og aflstöðvum Landsvirkjunar sem eru í rekstri.
- Gildistími kjarasamningsins er frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028.
- Með kjarasamningnum fylgir ný launatafla sem gildir afturvirkkt frá 1. febrúar 2024 (sjá bls. 3).
- Samið um launatöfluauka sem ætlað er að tryggja að launaþróun hjá Landsvirkjun haldi að jafnaði í við þróun launa verkafólks á almennum vinnumarkaði.
- Desemberuppbót á árinu 2024 verður 154.000 kr. miðað við fullt starf.
- Orlofsuppbót miðað við fullt starf verður 154.000 kr. á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024.



**Sameiginleg rafræn atkvæðagreiðsla  
félagsmanna aðildarfélaganna SGS sem starfa  
skv. kjarasamningnum hefst 28. júní  
kl. 12:00 og lýkur 4. júlí kl. 09:00.  
Mundu eftir að kjósa!**